

**MENNINGARTENGD  
FERÐAÐJÓNUSTA**

**Reykjavík**

**Júní 2002**

## Menningartengd ferðabjónusta

### Aðgerðaáætlun

### Efnisyfirlit

- |    |                                 |         |
|----|---------------------------------|---------|
| 1. | Aðaláherslur og forgangsatriði  | bls. 2  |
| 2. | Greinargerð um aðgerðaáætlun    | bls. 4  |
| 3. | Inngangur                       | bls. 5  |
| 4. | Almennar aðgerðir               | bls. 7  |
| 5. | Sérstakar aðgerðir              | bls. 10 |
| 6. | Sérstakar hugmyndir             | bls. 13 |
| 7. | Gagnalisti                      | bls. 15 |
| 8. | Reglur um Próunarsjóð ferðamála | bls. 16 |

Reykjavík júní 2002

## Aðaláherslur og forgangsatriði

Engin atvinnugrein á Íslandi hefur vaxið jafn mikið á liðnum 10 til 15 árum sem ferðaþjónustan. Fjölgun erlendra ferðamanna hefur verið mikil og farið verulega fram úr áætlunum. Undirstaða ferðaþjónustunnar hefur verið náttúra landsins og í landkynningu hefur verið lögð áhersla á hreinleika íslensks umhverfis, víðáttu landsins og einstaka staði sem hafa sérstöðu. Ljóst er að möguleikar til enn frekari sóknar í ferðaþjónustu eru fyrir hendi. Um leið gera flestir sér grein fyrir því að verði áfram mikill vöxtur í greininni væri skynsamlegt að renna sterkari stoðum undir hana og þá á öðrum forsendum eñ náttúru og umhverfis. Íslensk menning og menningararfur hefur verið vannýttur þáttur sem einn af aðalstoðum ferðaþjónustunnar. Með stuðningi og um leið meiri áherslum í landkynningu á þjóðmenningu Íslendinga í víðum skilningi, á menningartengd ferðaþjónusta að geta styrkt ferðaþjónustuna í heild sem eina höfuð atvinnugrein landsmanna og um leið aukið gjaldeyristekjur þjóðarinnar. Þá er nauðsynlegt að horfa til skipulags greinarinnar þannig að boðleiðir verði auðveldari og starfið markvissara. Það er afar þýðingarmikið, þegar horft er til framtíðar, að upplýsingar um þennan þátt ferðaþjónustunnar skili sér enn betur bæði til innlendra og erlendra ferðamanna. Við óbreyttar aðstæður gerist það ekki.

Mikil gróska, þróun og uppbygging á sér nú stað í ferðaþjónustu á Íslandi. Safnastarf, uppbygging sérstakra menningatengdra sögustaða og ýmis konar afpreyingar er stór hluti af þessari framþróun. Það frumkvæði sem fyrir er stendur ekki styrkum fótum og þolir illa mikla samkeppni. Á meðan styrkur greinarinnar er ekki meiri en raun ber vitni er heppilegast að styrkja og styðja það sérstaklega sem fyrir er. Á þetta einkum við um starfsemi og verkefni í ferðaþjónustu sem tengir hana saman við menningu og menningararf þjóðarinnar. Hér er þó ekki verið að leggja til að nýsköpun og þróunarverkefni njóti ekki sama stuðnings enda kemur fram í tillögu um Þróunarsjóð ferðamála að gert er ráð fyrir stuðningi við þróun og nýsköpun.

Skýrsla samgönguráðuneytisins um menningartengda ferðaþjónustu er grunnur að þessari aðgerðaráætlun ásamt ýmsum tillögum og hugmyndum sem verkefnisstjóra bárust á þeim tíma sem hann vann að þessari aðgerðaráætlun. Í skýrslunni kemur m.a. fram í samantekt og niðurstöðum: Traustur grundvöllur er fyrir því að þráa menningarferðir sem aðra meginstoð íslenskrar ferðaþjónustu. Í framhaldi af því er niðurlag kaflans m.a. þessi. "Á grundvelli þess sem að framan er sagt, er lagt til að íslensk ferðaþjónusta verði í framtíðinni byggð upp á tveimur megin stoðum, íslenskri náttúru og íslenskri menningu og samverkan þessara þátta. Lagt er til að á fimm ára aðlögunartímabili verði atvinnugreinin og menningarstarfsemin ásamt stoð- og grunnþjónustu búin undir að glíma við þetta verkefni.

Jafnframt kemur fram að í skýrslunni séu rökstuddar tillögur sem lúta að stefnumörkun, stoðkerfi, grunnþjónustu, rannsóknum og þróunarstarfi, ímynd og markaðssetningu, þróunaráætlun og opinberum styrkjum.

Í þessari greinargerð eru einstaka tillögur og hugmyndir úr skýrslu um MTF aðrar ekki. Þær sem ekki fá sérstaka umfjöllun hér eru áfram til í skýrslunni til frekari úrvinnslu.

## Tillögur vegna fjárlaga 2003.

### 1. Framlag til Þróunarsjóðs ferðamála 40 milljónir.

Lagt er til að stofnaður verði Þróunarsjóður ferðamála. Markmið sjóðsins verði m.a. að styrkja þróunarstarf, nýsköpun og verkefni í ferðaþjónustu, vörupróun og önnur þau verkefni sem sérstaklega tengjast menningu og sögu þjóðarinnar. Tillaga og drög að reglum fyrir sjóðinn fylgja þessari greinargerð.

### 2. Framlag til Menningarborgarsjóðs 10 milljónir.

Menningarborgarsjóður var stofnaður í byrjun árs 2001. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að fjölbreytilegu menningarstarfi um land allt. Lagt er til að veita 10 milljónum til sjóðsins sem úthlutað verði til menningarverkefna sem tengjast ferðaþjónustu.

### 3. Framlag til annarra verkefna 5 milljónir.

Lagt er til að veita 2 milljónum til að gera heimasíðu á netinu um miðaldasamfélagið, bókmenntir, listir og nútímmamenningu ásamt atburðaskrá um menningarviðburði sem tengjast ferðaþjónustu. Áhersla verði lögð á atburðaskrána þar sem engin slík skrá er til. Ef litið er til upplýsingagjafar og markaðssetningar er nauðsynlegt að taka saman atburðaskrá. Skal hún að minnsta kosti vera á 6 tungumálum auk íslensku.

Lagt er til að veita 3 milljónum til sérstakrar kynningar á þremur sögustöðum; Skálholti, Reykholti og Hólum í Hjaltadal. Verkefnið verði unnið í samstarfi við heimamenn. Um er að ræða þá sögustaði utan höfuðborgarsvæðisins sem haft hafa mest áhrif á sögu og menningu þjóðarinnar í þúsund ár.

## Tillögur vegna fjárlaga 2004 til 2007.

1. Lagt er að framlag til til Þróunarsjóðsins hækki um 5 milljónir árlega næstu fimm árin til þess að sjóðurinn geti mætt nýjum áföngum og verkefnum. Við lok fimm ára aðlögunartímabilsins, sem getið er um í skýrslu um menningartengda ferðaþjónustu, þ.e. árið 2007, verði árlegt framlag til sjóðsins 60 milljónir. A móti kemur að ekki er gert ráð fyrir framlagi til annarra verkefna.
2. Lagt er til að veita 10 milljónum árlega í Menningarborgarsjóð í samræmi við þá tillögu sem að framan getur.

## Greinargerð.

### Aðgerðaáætlun um Menningartengda ferðaþjónustu

#### Formáli

Í nóvember 1999 skipaði samgönguráðherra, Sturla Böðvarsson, nefnd um Menningartengda ferðaþjónustu. Í skipunarbréfi til nefndarinnar var m.a. vitnað til stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar um að leggja áherslu á sóknarfæri ferðaþjónustunnar á sviði Menningartengdrar ferðaþjónustu (MTF).

Formaður nefndarinnar var skipaður Tómas Ingi Olrich alþingismaður, þá formaður Ferðamálaráðs og núverandi menntamálaráðherra. Nefndarmenn ræddu við um 80 einstaklinga um verkefnið og er skýrslan mikil samantekt af upplýsingum, tillögum og hugmyndum.

Helsta niðurstaða skýrslunnar er: "Lagt er til að íslensk ferðaþjónusta verði í framtíðinni byggð upp á tveimur meginstoðum, íslenskri náttúru og íslenskri menningu og samverkan þessara þátta. Lagt er til að á fimm ára aðlögunartímabili verði atvinnugreinin og menningarstarfsemin ásamt stoð- og grunnþjónustu búin undir að glíma við þetta verkefni. Æskilegt er að styðjast sem mest við það sem fyrir er og vel hefur reynst". Í niðurstöðunum eru einnig rökstuddar tillögur sem lúta að stefnumörkun, stoðkerfi, grunnþjónustu, rannsóknum og þróunarstarfi, ímynd og markaðssetningu, þróunaráætlun og opinberum styrkjum. Lokaorð um niðurstöður í skýrslunni eru þessi: "Ennfremur eru lagðar fram hugmyndir að verkefnum, sem talið er koma til greina að ráðast í til að styrkja uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu".

Samgönguráðherra réð Július Hafstein sem verkefnisstjóra til að taka saman aðgerðaáætlun/framkvæmdaáætlun um MTF á grundvelli skýrslunnar og öðrum upplýsingum sem hægt væri að afla um verkefnið. Með verkefnisstjóra störfuðu María Thejll, skrifstofustjóri í samgönguráðuneytinu og Karitas H. Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu. Verkefnisstjóri ræddi við fjölmarga sem starfa í ferðaþjónustunni og var meðal annars boðað til fundar í Þjóðmenningarhúsinu þann 4. apríl s.l. í samstarfi við Samtök ferðaþjónustunar. Á þennan fund var boðið um 65 manns af landinu öllu, þar af um 22 ferðaþjónustufulltrúum og mættu um 50 manns. Á fundinum voru fimm frummælendur en af öðrum fundarmönnum töku 25 til máls.

Þær tillögur sem hér eru lagðar fram byggjast í fyrsta lagi á skýrslu nefndar samgönguráðuneytisins um menningartengda ferðaþjónustu og í öðru lagi á fjölmögum öðrum upplýsingum og gögnum sem verkefnisstjóri hefur aflað frá ýmsum aðilum í ferðaþjónustunni og þann tíma sem aðgerðaáætlunin var í vinnslu. Aðgerðaáætlunin skiptist í fernt: Inngangur, almennar aðgerðir, sérstakar aðgerðir og ýmsar hugmyndir.

## Inngangur.

Í þessum kafla áætlunarinnar eru aðallega dregin fram atriði sem tengjast MTF eða eru hluti hennar og verkefni eða aðgerðir sem þegar er verið að vinna og ekki eru gerðar sérstakar tillögur um í þessari greinargerð heldur lögð áhersla á mikilvægi þeirra og hvernig þau tengjast MTF. Niðurröðun verkefna hér á eftir fer ekki eftir vægi þeirra.

**Menntun.** Á fundinum í Þjóðmenningarhúsinu var sérstaklega bent á þýðingu menntunar í ferðaþjónustunni og ýmislegt væri þar ábótavant. Samtök ferðaþjónustunnar, SAF, eru að láta framkvæma viðamikla könnun á menntunarþörf í ferðaþjónustunni með framtíðarsýn í huga. Þar er verið að gera sér grein fyrir því hversu margt starfsfólk og hvernig starfsfólk ferðaþjónustan þarf á að halda eftir t.d. 10 til 15 ár og hvers konar menntun og þjálfun þarf til að halda uppi gæðaþjónustu. Félagsvísdastofnun Háskóla Íslands sér um framkvæmd umræddrar könnunar og hefur þegar skilað fyrsta áfanga. Framundan er að skipa verkefnisstjórn og hefja aðalkönnunina. SAF hefur fengið styrki til verkefnisins.

**Söfn.** Þjóðminjasafnið, með tilstyrk frá menntamálaráðuneytinu, er að móta stefnu um safnamál og uppbyggingu safna til næstu fimm ára. Sú þróun sem hafin er við uppbyggingu safna er stutt á veg komin. Söfn hafa almennt búið við frekar þróngan kost og því takmarkaða möguleika á að sinna hlutverki sínu. Þjóðminjasafnið telur að landsátask þurfi til að fullnægja grundvallarþáttum safnastarfs. Stefnumótun í safnamálum sem nú er unnið að miðar að því að gera átak í uppbyggingu safna og minjavörslu til þess að þau geti sinnt eðlilegri þjónustu.

**UNESCO.** Stjórnvöld hafa þegar gert tillögur til UNESCO um að Þingvellir og Skaftafell verði tekin inn á Heimsminjaskrá UNECSO. Mikil eftirsókn er frá öllum þjóðum um að helstu menningar- og/eða náttúruperlur viðkomandi þjóðar fái þessa viðurkenningu. Takist þessi fyrirætlun mun hún efla verulega MTF á Íslandi.

**Konungsbók Eddukvæða.** Íslendingar eiga marga gimsteina í íslenskum miðaldabókmenntum. Íslendingasögur og aðrar sögur sem skrifðar voru fyrir á tínum eru heimsbókmenntir og ómetanlegur fjársjóður í eigu þjóðarinnar. Af höfundum ber Snorri Sturluson höfuð og herðar yfir aðra. Konungsbók Eddukvæða hefur þá sérstöðu að vera eina ritaða heimildin um "Heimsmynd norrænna manna" áður en kristni kom og því einstök heimild um þann tíma. Framundan er sýning á íslenskum miðaldabókmenntum og handritum í Þjóðmenningarhúsinu. Sýningunni lýkur eftir u.þ.b. 2 ár.

Í framhaldi af umræddri sýningu hafa ýmsir nefnt þá hugmynd hvort ekki væri heppilegt að vista Konungsbók Eddukvæða til frambúðar í Þjóðmenningarhúsinu. Þannig yrði þessi "afreksbók" sýnilegri en ella. Í ferðaþjónustunni er mikill áhugi á því að þessi hugmynd verði athuguð.

**Íslenskir minjagripir.** Fram hefur komið sú hugmynd að kynna íslenskar bókmenntir, myndlist, tónlist eða önnur íslensk listaverk sem heppilega minjagripi fyrir erlendum ferðamönnum. Gert verði átak í því að ferðamönnum þyki sjálfsgagt að velja sér íslensk listaverk, t.d. Njálu, Sjálfstætt fólk, íslenska tónlist, myndlist,

kvíkmynd eða annað sem minjagrip frá Íslandi. Með þessari hugmynd er verið að fram lengja ferð viðkomandi til Íslands.

Ferðamálaráði Verði falið að kanna undirtektir við þessa hugmynd með því m.a. að leita til Bandalags íslenskra listamanna, Rithöfundasambands Íslands, Samtaka verslunar- og þjónustu, bókaforлага, kvíkmyndaframleiðenda og annarra sem hagsmuna eiga að gæta og kanna hvernig hægt er að framkvæma þessa hugmynd.

**Skipulag.** Við skoðun á skýrslu nefndar um MTF, í viðræðum við ýmsa í ferðaþjónustunni og við upplýsingaöflun til að ganga frá þessari greinargerð og tillögum, hefur komið í ljós að skipulag á boðleiðum milli aðila um upplýsingar og samvinnu innan ferðaþjónustunnar er ekki nægilega öfugt. Nauðsynlegt er að endurskoða allar boðleiðir, sérstaklega með tilliti til þess að á næstu 10 árum má gera ráð fyrir að erlendum ferðamönnum fjölgi úr 300 í allt að 500 þúsund. Verði átaki til að fá Íslendinga til að ferðast meira um eigið land haldið áfram, þarf að vera til staðar nothæft skipulag milli landshluta um upplýsingastreymi, samstarf, samráð og annað er tengist ferðaþjónustunni og er þá einnig hafðir í huga menningarviðburðir sem ætlaðir eru ferðamönnum.

**Merkingar.** Fyrir nokkrum árum merkti Vegagerð Íslands um 60 sögustaði á landinu. Hafa þessar merkingar breytt miklu um upplýsingagjöf til ferðamanna. Ábendingar liggja fyrir frá ýmsum aðilum í ferðaþjónustunni um nauðsyn þess að halda áfram þessu verkefni. Þær upplýsingar liggja nú fyrir að Vegagerðin hafi merkt um 50 staði til viðbótar. Kostnaðinn hefur Vegagerðin tekið af fjárhagsáætlunarlið sem ætlaður er til áningarstaða. Reiknað er með að framhald verði á þessum merkingum.

**Heilsutengd ferðaþjónusta.** Á síðari árum hefur sú tegund ferðaþjónustu sem tengist baðmenningu landsmanna náð rækilegri fótfestu. Má þar nefna Bláa lónið og átak og aðgerðir Reykjavíkurborgar við að koma baðmenningu borgarinnar, sundlaugum og fleira, á framfæri við ferðamenn. Um allt land eru til ágætir baðstaðir sem eðlilega eiga að tengjast MTF. Fyrir liggur skýrsla sem var unnin fyrir samgönguráðuneytið um heilsutengda ferðaþjónustu. Í skýrslunni um MTF er sértök tillaga um þetta efni.

## Almennar aðgerðir

Almennar aðgerðir eru megin tillögurnar. Gera þær ráð fyrir að efla ferðaþjónustu og menningarstarfsemi í heild og um leið að styrkja grunnþætti starfsemi beggja þátta og þar með að styrkja möguleika ferðaþjónustunnar til að vera áfram önnur stærsta gjaldeyrisskapandi atvinnugrein þjóðarinnar.

1. Stofnaður verði Próunarsjóður ferðamála. Sjóðurinn lúti fimm manna stjórn sem verði þannig skipuð. Tveir skipaðir án tilnefningar af samgönguráðherra, einn tilnefndur af menntamálaráðherra, einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn tilnefndur af Samtökum ferðaþjónustunnar (SAF). Jafnframt skipar samgönguráðherra formann og varaformann úr röðum stjórnarmanna.

Sjóðurinn starfar eftir reglum sem samþykktar eru af samgönguráðherra. Lagt er til að veita 40 milljónum til sjóðsins á næsta ári og að framlagið hækki um 5 milljónir á ári næstu fjögur árin. Sjóðurinn verði vistaður hjá FMR. Drög að reglum fyrir sjóðinn fylgir þessari greinargerð.

2. Í ársbyrjun 2001 gerðu menntamálaráðherra og borgarstjórinn í Reykjavík með sér samkomulag um stofnun Menningarborgarsjóðs. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að fjölbreytilegu menningarstarfi um land allt. Sjóðurinn hefur þegar sannað tilveru sína og má m.a. nefna að á fyrsta starfsári sjóðsins, árið 2001, bárust 203 umsóknir. Sjóðurinn er vistaður hjá Listahátið í Reykjavík.

Menningarstarfsemi sem tengist ferðaþjónustu hefur ekki átt greiðan aðgang að Menningarborgarsjóðnum. Áherslur sjóðsins hafa ekki náð til þannig verkefna. Því er lagt til að veita 10 milljónum til Menningarborgarsjóðs árlega á næstu fimm árum til þess að styrkja menningarstarfsemi sem sérstaklega tengist ferðaþjónustunni. Verði af þessu þarf að breyta reglum um úthlutun úr sjóðnum.

3. Upplýsingavefur og atburðaskrá. Vefur með upplýsingum um miðaldasamfélagið, bókmenntir, listir og nútímanenningu ásamt atburðaskrá yfir menningarviðburði og annað sem tengist MTF á hverjum tíma er ein af þeim nútíma leiðum sem notaðar eru til að koma verkefnum og atburðum á framfæri. Engin atburðaskrá er til á einum stað um menningarstarf landsmanna. Fyrir ferðaþjónustuna væri það veruleg bót ef hægt væri að koma inni heildaratburðaskrá saman. Veraldarvefurinn er tilvalinn vettvangur til þess. Það er jafnframt ljóst að til að ná árangri og vera til þjónustu fyrir sem flesta ferðamenn verður skráin að vera á minnst sex tungumálum auk íslensku. Hvað varðar upplýsingar um miðaldasamfélagið, bókmenntir, listir og fleira eru ýmsir menningarvefir til eða í burðarliðnum, sem mætti tengja við atburðaskrá. Hér er t.d. hægt að nefna Landsbókasafn, Árnastofnun, Þjóðmenningarhús, Þjóðminjasafn, Þjóðskjalasafn, Árbæjarsafn o.s.fr. Athugað verði hvort hægt er að samræma og/eða sameina þessa hugmynd öðrum sambærilegum verkefnum eins og t.d. Menningargáttinni hjá menntamálráðuneytinu. Að öðru leyti ætti að tengja upplýsingavefinn sem víðast, t.d. við menningarstofnanir, Ferðamálaráð, ferðamálafulltrúa landshlutanna, stjórnarráðið, Alþingi o.s.fr. Vefurinn ætti að verða eitt aðalverkfærið í kynningu á menningartengdri ferðaþjónustu. Heppilegt er að hefja

undirbúning að þessu verkefni strax í haust þannig að vefurinn verði opnaður áður en aðal ferðamannatímabilið hefst, vorið 2003. Það er þýðingarmikið skref, til að tengja menningu og sögu þjóðarinnar við ferðamanninn, að koma þessu verkefni í höfn.

Lagt er til að ráðinn verði sérstakur aðili til að vinna þetta verk. Jafnframt er lagt til að samgönguráðuneytið veiti 1 milljón króna á þessu ári til verkefnisins en af fjárlögum næst árs komi 2 milljónir.

4. Meginmarkmið ferðaþjónustunnar er að laða fólk til ákveðinna staða, atburða eða verkefna. Um er að ræða bæði innlenda og erlenda ferðamenn. Einstaka sinnum hefur verið gert áatak í að efla ferðir Íslendinga innanlands. Hefur það gefið góða raun hverju sinni. Það er ekki þýðingarminna að fá Íslendinga til að ferðast um Ísland og njóta alls þess sem í boði er en að flytja útlendinga til landsins til að gera það sama. Öflug ferðaþjónusta um land allt byggir ekki síður á því að Íslendingar ferðist enn meira um eigið land en verið hefur.

Því er beint til Ferðamálaráðs að hluti af því fjármagni sem ráðið fær til landkynningar ár hvert verði nýtt til að að kynna Íslendingum eigið land með menningartengda ferðaþjónustu í huga. Um leið er ráðinu falið að afla mótfamlags frá samstarfsaðilum eins og verið hefur.

5. Eins og fram kemur í inngangi þessarar greinargerðar þá er skipulag boðleiða, upplýsingastreymis og samstarfs milli hina ýmsu landshluta og þeirra sem halda utan um heildarkynningu ekki nægilega öflugt. Í dag þarf að ná til yfir 20 ferða-, markaðs- og/eða upplýsingafulltrúa til að fá upplýsingar um stöðu mála. Starfstími margra ferðamálafulltrúa hefur verið mjög stuttur enda hefur fjármagn til þeirrar starfsemi verið af skornum skammti. Það veikir allar boðleiðir og allt upplýsingastreymi milli aðila. Ferðamálafulltrúarnir eru ráðnir til starfa af sveitafélögunum og ýmsum öðrum. Í skyrslu um MTF kemur fram tillaga um að Ferðamálaráð komi sér upp tengiliði til að miðla upplýsingum. Ef af verður, væri eðlilegt að sá tengiliður væri um leið samræmingar- og samstarfsaðili ferðamálafulltrúanna. Sé litið til framtíðar og um leið tekið mið af vexti í ferðaþjónustunni er nauðsynlegt að gera sér frekari grein fyrir æskilegum fjölda ferðamálafulltrúa og um leið að endurskoða starfsskilyrði þeirra.

Lagt er til að Ferðamálaráði verði falið að kortleggja þessa starfsemi eins og hún er í dag. Kanna þarf hvort hægt er að samræma og hagræða milli svæða og rekstraraðila, þ.e. hvort það fyrirkomulag að hafa einn ferðamálafulltrúa fyrir hvern landshluta leiði til aukinnar skilvirkni og hagræðingar. Í því sambandi verði rætt við Samtök íslenskra sveitarfélaga um framtíðarskipulag ferðamála innanlands og höfð samvinna við samtökin um að skipuleggja ráðstefnu um ferðamál innanlands og framtíðarskipan þeirra. Í framhaldi af því verði m.a. leitað til Byggðastofnunar um að fjármagna störf ferðamálafulltrúa.

6. Í ferðaþjónustu er sjónvarpið vannýttur miðill. Ekkert nær eins til fjöldans eins og eftirtektarverð mynd hvert sem svo efni hennar er. Góðir sjónvarpsþættir um helstu sögustaði landsins þ.e. Reykjavík, Þingvelli, Reykholt, Skálholt og Hóla eru vandfundnir ef þeir eru þá til. Slikir heimildarþættir þar sem auðvelt er að breyta töluðum texta á önnur tungumál má auðveldlega nota sem kynningarefni í

sjónvarpi, á ferðakaupstefnum eða hvar sem er við landkynningu. Þá er auðvelt að setja þessa þætti inn á þann vef sem tengjast mun MTF. Ríkisútvarp-sjónvarp RÚV svo og einkaaðilar hafa gert marga þætti um land og þjóð og ýmsa af þekktari sögustöðum landsins.

Ferðamálaráði verði falið að kanna hvað til er af landkynningarsjónvarpsefni hjá RÚV, Kvíkmyndasafni og helstu einkafframleiðendum á kvíkmynda- og sjónvarpsefni.<sup>9</sup> Þegar niðurstöður og gögn liggja fyrir verði gerðar tillögur um framhaldið.

## Sérstakar aðgerðir.

Sérstakar aðgerðir eru tillögur sem lagðar eru fram í þeim tilgangi að styðja við eða styrkja einstök svæði, sögulega mikilvæga staði eða einstök verkefni. Þrátt fyrir það munu þessar tillögur styrkja ferðaþjónustuna í heild og þá sérstaklega MTF þegar til lengri tíma er litið.

1. **Menningarhús og ráðstefnuaðstaða.** Í apríl síðastliðnum var skrifað undir samning milli ríkisins og Reykjavíkurborgar um byggingu Tónlistar- og ráðstefnuhúss sem staðsett verður á hafnarbakkanum við gömlu höfnina í Reykjavík. Sérstök skipulagssamkeppni fór fram um nýtingu svæðisins og liggja niðurstöður fyrir. Enginn vafi leikur á því að umrætt stórverkefni mun í framtíðinni bæði styrkja menningarhlíf landsmanna sem og ferðaþjónustuna sem eina af lykilatvinnugreinum landsmanna.

Það er staðreynd að mjög erfitt er að skipuleggja 1. flokks ráðstefnu, sem tekur meira en 120 manns, annars staðar en í Reykjavík. Sé litið til annarra möguleika á landinu þar sem allir aðrir þættir til móttöku á ferðamönnum eru til staðar svo sem hótel, veitingastaðir, fjölbreytilegt menningarhlíf, íþróttaaðstaða, góðar samgöngur til staðarins, fjölbreytileg afþreying, stutt í náttúruperlur, góð heilsugæsla o.s.fr. koma fáir staðir til greina. Akureyri hefur nokkra sérstöðu hvað þetta varðar. Í eitt og hálft ár hefur verið unnið að hugmynd um Menningar- og ráðstefnuhús á Akureyri, sem gæti gegnt svipuðu hlutverki og fyrirhugað Tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík. Aðrir staðir sem hafa góða möguleika sé litið til samnýtingar menningarviðburða, funda og ráðstefnuhalds eru; Snæfellsbær, Ísafjörður, Sauðárkrókur, Egilsstaðir og Vestmannaeyjar. Ekki er með þessari tillögu verið að gera minna úr öðrum sveitarfélögum en uppbygging ýmis konar hliðaraðstöðu til að hægt verði að markaðssetja aðra en framangreinda staði sem heppilega funda- og ráðstefnustaði, er ekki enn fyrir hendi.

Það er stefna núverandi ríkisstjórnar að byggja menningarhús í sem flestum kjördæmum landsins. Til að tengja saman menningu og ferðaþjónustu er afar mikilvægt að við alla ákvarðanatöku um menningarhúsin verði funda- og ráðstefnuaðstaða fyrir hendi með tilheyrandi tækjabúnaði.

2. **Stórir viðburðir.** Á Íslandi eru nokkrir viðburðir sem möguleika eiga á því að laða erlenda ferðamenn til landsins, viðburðarins vegna. Gera má þó ráð fyrir því að í framtíðinni muni þessum viðburðum fjölga. Í dag eru eftirtaldir viðburðir helstir: Airwaves tónlistarhátið, Listahátið í Reykjavík, Food and fun festival, Menningarnott í Reykjavík, Miðnætur golf á Akureyri, Reykjavíkurmarathon, Víkingahátið í Hafnarfirði, Kvíkmyndahátið í Reykjavík, Landsmót hestamanna og fleira. Þá hafa stórir viðburðir sem hér hafa verið skipulagðir eins og t.d. Reagan-Gorbachov fundurinn í október 1987 og Nató fundurinn í maí 2002 haft mikla þýðingu fyrir landið sé litið til fjlömiðlaumfjöllunar erlendis.

Mikilvægt er að styðja við framangreinda viðburði í kynningu og markaðssetningu.

3. **Sögustaðir.** Öllum er það ljóst að nokkrir sögustaðir skera sig úr í samanburði við aðra. Þeir sem oftast eru nefndir eru Reykjavík, Þingvellir, Skálholt, Reykholt

og Hólar í Hjaltadal. Allir þessir staðir hafa aðdráttarafl í ferðaþjónustunni og á þeim öllum er hægt að skapa enn betri aðstöðu sem mun gera þá öflugri bæði sem einingu, sem og fyrir ferðaþjónustuna í heild.

Lagt er til að gert verði enn frekar átak í að skapa fjölbreytilega aðstöðu og möguleika á þessum stöðum. Fyrir liggja tillögur og hugmyndir frá heimamönnum um uppbyggingu og forgangsröðun verkefna. Samræma þarf aðgerðir þeirra ráðuneyta sem í hlut eiga og nánara samstarfi verði komið á milli ólikra starfsþáttta staðanna.

**Reykjavík.** Breyttar áherslur eru komnar fram hjá Reykjavíkurborg sem munu skýrast enn frekar síðar á þessu ári. Borgarráð hefur ákveðið að opna svokallaða Höfuðborgarstofu um næstu áramót. Vegna umsvifa og stærðar borgarinnar þarf að skilgreina hvaða hlutverki hún á að þjóna. Í Reykjavík er stór hluti af afþreyingu höfuðborgarsvæðisins sem nýtist ferðaþjónustunni langt út fyrir borgarmörkin. Nauðsynlegt er að lenda samstarfsverkefnum milli Ferðamálaráðs og Höfuðborgarstofu sem fyrst, en stofan mun sjá um upplýsingamál, markaðsmál og framkvæmd stærri viðburða sem eru á vegum Reykjavíkurborgar. Í höfuðborginni eru allar helstu menningarstofnanir landsins og viðburðadagatal sýnir mikla fjölbreytni sem ríkir í menningarstarfsemi. Reykjavíkurborg er að vinna að verkefnum sem munu styrkja MTF. Helstu verkefnin eru formminjar við Aðalstræti og Landnámsskáli sem þar á að reisa, merking söguminja og fornleifa í Reykjavík. Ennfremur hefur verið samin framtíðarsýn fyrir Viðey og aðrar eyjar á Sundunum. Gert er ráð fyrir aðgerðum í þessum verkefnum og ýmsum öðrum sem tengjast MTF.

**Þingvellir.** Þingvellir eru höfuðsögustaður þjóðarinnar. Þar var elsta Alþingi í veroldinni stofnað 930, þar var kristnin lögtekin 1000 og þar voru teknar margar af stærstu ákvörðunum landsmanna á gullaldartíma Íslendinga. Mikið hefur verið lagt í staðinn á undanförnum árum m.a. merkingar, göngustígar, tröppur og timburpallar, aðgengi að salernum og fleira. Í júní 2002 verður myndarleg fræðslumiðstöð opnuð rétt vestan við Hakið ofan við Almannagjá. Við það mun aðstaða til að gefa upplýsingar og fræða ferðamenn um sögu Þingvalla gjörbreytast til batnaðar. Þá hefur ríkið nýlega keypt Valhöll en ekki liggur fyrir hvert er framtíðarhlutverk þeirra mannvirkja. Stefnt er að því að Þingvellir verði samþykkir af UNESCO sem einstakur staður og komist á "heimsminjaskrá". Verði af því, mun gildi staðarins aukast enn frá því sem nú er. Til Þingvalla koma á milli 400 og 500 þúsund manns á ári hverju. Sérstök nefnd, Þingvallanefnd, sen kjörin er af Alþingi stjórnar öllum verkefnum í þjóðgarðinum.

**Skálholt.** Skálholt er annar höfuðsögustaður þjóðarinnar. Þar er nú gisti- og veitingaaðstaða og jafnframt möguleikar á smærri fundum þ.e 50 manns eða færri. Sunnan við kirkjuna eru rústir þorps sem stóð við Skálholtskirkju á miðöldum. Þar var í raun eini þéttbýliskjarninn á landinu fyrir 600 til 800 árum. Mikil söguleg og menningarleg verðmæti liggja þar í jörðu. Til Skálholts koma um 100 þúsund manns á ári hverju. Nú þegar er byrjað á því verki að grafa upp gamla þorpið. Þegar því er lokið væri rétt að athuga möguleika á því að byggja yfir uppgröftinn og gera safn sem sýnir mannlíf Íslendinga fyrir 800 árum líkt og gert hefur verið í York á Englandi.

**Reykholt.** Í Reykholti bjó höfuðskáld þjóðarinnar Snorri Sturluson. Miklar breytingar hafa orðið á staðnum með tilkomu nýrrar kirkju, Snorristofu og sýningaraðstöðu. Þá er búið að innréttu nýjan samkomusal í gamla Héraðsskólanum. Hótelrekstur er á staðnum allt árið. Heitt vatn til baða hefur ekki verið nýtt.

Í fylgigögnum með þessari samantekt koma fram ýmis verkefni sem heimamenn leggja áherslu á. Þar eru m.a gerðar tillögur um merkingar, göngustíga, útileiksvið og fleira. Þá eru gerðar tillögur um að byggja síðar yfir fornleifauppgröft sem þegar er langt kominn.

**Hólar.** Af sögustöðunum sem hér að framan eru nefndir má segja að Hólar hafi möguleika á mestri fjölbreytni. Í framtíðarsýn frá staðarmönnum er gert ráð fyrir ýmis konar starfsemi bæði í tengslum við menntasetrið og sem sér einingar. Um er að ræða safn um prentiðn á Íslandi, að Hólar verði miðstöð íslenska hestsins, þar verði kirkjulistasafn, en þar stóð kaþólskan lengst á miðöldum o.s.fr. Þá er stutt að Hofssíði þar sem af miklum myndarskap hefur verið komið upp Vesturfarasafni sem eru heimildir og upplýsingar um þá Íslendinga sem fluttust til Ameríku í lok nítjándu og byrjun tuttugustu aldar.

**Gásar.** Á Gásum við Hörgárósa við Eyjafjörð eru einna best varðveittu fornminjar á Íslandi. Þar var áður, á miðöldum, verslunarstaður og sjást ummerki um fyrri byggð mjög vel. Fornleifarannsóknir eru hafnar og verður þeim framhaldið í sumar. Styðja ber við uppgröft, rannsóknir og kynningu á Gásum og þarf um leið að tengja staðinn hugmyndum um Verslunarminjasafn, sem staðsett verði á Akureyri.

**Í tillögum nefndarinnar um MTF undir kaflanum "verkefni" kemur fram:**  
Á eftirtöldum sögustöðum verði vistuð sérhæfð upplýsingasöfn og þeir verði eftir fóngum vettvangur listviðburða, sem tengast íslensku miðaldasamfélagi.

- Skálholt verði miðstöð kirkjutónlistar
- á Þingvöllum verði safn upplýsinga um lagasetningu, stjórnmál, stjórnsýslu og dómsvalds á miðöldum
- í Reykholti verði kynningar á íslenskum bókmenntum og miðaldasagnfræði
- á Hólum í Hjaltadal verði kirkjusögu safn
- á Akureyri verði upplýsingasafn tengt verslun, viðskiptum og siglingum og lagsetningu þar að lútandi, með skírskotun til verslunarstaðarins að Gásum

Til að styrkja helstu sögustaði landsins utan höfuðborgarsvæðisins, sem þegar hafa nokkur umsvif, er lagt til að verja 3 milljónum á næsta ári til sérstakrar markaðssetningar. Við athugun kemur í ljós að í allri kynningu og markaðssetningu á Íslandi fá Reykjavík og Þingvellir jafnan sérstaka umfjöllun en aðrir staðir minni og sumir vart nefndir. Er hér vísað í tillögu á bls. 3 um fjárveitingar næsta árs.

Í tillögum nefndarinnar um MTF er kafli um þróunaráætlanir og m.a. hvernig landinu verði skipt í þróunar- og markaðssvæði. Þessu verkefni var vísað til Ferðamálaráðs og er að vænta greinargerðar og tillagna síðar í sumar.

## Sérstakar hugmyndir.

Í þessum kafla eru nefndar nokkrar hugmyndir sem allar tengjast menningu og/eða sögu þjóðarinnar. Eru þær settar hér fram til að vekja athygli og jafnframt til að rökstyðja þörfina á tillögu um Þróunarsjóð ferðamála. Nokkrar þessara hugmynda er að finna í skýrslu samgönguráðuneytisins um MTF og þá í tillöguformi en aðrar hafa borist til verkefnisstjóra frá ýmsum aðilum.

1. Víkingasafn. Hugtakið "Víkingar" er vannýtt í íslenskri ferðaþjónustu. Oft hafa komið fram hugmyndir um að hér á landi vanti víkingasafn sem tengist þeim landnámsmönnum sem fyrstir settust að á Íslandi. Í framhaldi af uppbyggingu á landnámsbæ Eiríks Rauða á Eiríksstöðum í Haukadal er þessi hugmynd sett fram. Jafnframt má benda á að stutt er á milli Reykhols og Eiríksstaða ef hugmyndir um dagsferðir á söguslóðir á Vesturlandi koma fram.
2. Í gögnum frá Reykjavíkurborg kemur fram að reisa eigi Landnámsskála, sem verður sýningarskáli utan um einar elstu fornminjar sem fundist hafa í Reykjavík. Eru þessar fornminjar í elsta hluta borgarinnar við Aðalstræti. Hér er um athyglisverða nýjung að ræða sem mun efla ferðaþjónustu borgarinnar og tengja ferðamanninn nær upphafi Íslandsbyggðar.
3. Menningarsetrið á Eiðum. Einkaaðilar hafa fjárfest í Eiðum á Austurlandi. Hugmyndir eru um að skipuleggja þar menningar- og umhverfismiðstöð. Stutt verði við þessa hugmynd. Tengja má skrímslasögur úr Lagarfljóti þessari starfsemi eða þá að styðja það verkefni sérstaklega.
4. Njálusetur. Á Hvolsvelli hafa einkaaðilar komið upp safni um Njálu og Njáluslóðir. Er um mikið og gott framtak að ræða. Eðlilegt er að styðja við safnið m.a. með samstarfi um gerð kynningarrefnis og við markaðssetningu.
5. Galdrasafn. Á Hól mavík er kominn uppvisir að galdrasafni. Eins og með Njálusetrið er um framtak einstaklinga að ræða. Eðlilegt er að styðja við þetta framtak m.a. með samstarfi um gerð kynningarrefnis og við markaðssetningu.
6. Íslendingur. Í tilefni af 1000 ára afmælis landafunda Leifs Eiríkssonar sigldi vikingaskipið Íslendingur sömu leið og skip Leifs heppna. Nú er svo komið að skipið situr fast í Ameríku. Eftir 100 ár þegar Íslendingar munu minnast 1100 ára afmælis siglingar Leifs heppna verður spurt, hvað varð um skipið Íslending sem sigldi þessa leið fyrir 100 árum? Með samstilltu átaki er mögulegt að koma skipinu til Íslands
7. Álfar og huldufólk. Fáar þjóðir eiga jafn líflegar þjóðsögur um álfa og huldufólk og Íslendingar. Það sama gildir um drauga og draugasögur. Margar kvíkmyndir hafa litið dagsins ljós þar sem slíkar persónur eru í veigamiklum hlutverkum. Einstakar þessara mynda eru heimsfrægar eins og t.d. "Lord of the Rings" en þar má augljóslega sjá íslensk áhrif. Þessi þáttur í menningu þjóðarinnar má ekki glatast. Eðlilegt er að þeir sem vilja halda þessum sögum á lofti njóti sambærilegs stuðnings eins og t.d. Galdrasafn og Njálusetur. Rétt er að kannað verði með hvaða hætti við getum nýtt okkur þekktar kvíkmyndir þar sem efnið tengist augljóslega íslenskum sögum og menningararfí.

8. Kvikmyndahátíð. Reglulega hefur verið boðið til kvikmyndahátíðar í Reykjavík. Kvikmyndir, hvort sem þær eru sýndar á tjaldi eða í sjónvarpi eru tjáningaraðferð nútímans. Eigi hátíð af þessari tegund að skila árangri verður fjárhagslegur grunnur hennar að vera viðunandi.
9. Á síðustu 15 árum hafa verið gerðir um 400 samningar um útgáfu á íslenskum skáldverkum erlendis. Nokkur verkanna hafa farið víða og jafnvel orðið grunnur að kvikmyndum. Bent hefur verið á lítið framboð á upplestri úr íslenskum bókmennum eða skáldverkum fyrir erlenda ferðamenn.
10. Erlendir ferðamenn hafa haft afar takmarkaðan aðgang að leikhúsum eða stærri tónlistarverkum. Íslenskri leiklist hefur fleygt verulega fram á síðustu áratugum. Fram til þessa hefur ekki verið fjárhagslegur grundvöllur til að setja á svið íslensk verk eða erlend fyrir erlenda ferðamenn.
11. Myndlist er til að gera ung listgrein hér á landi í samanburði við flestar aðrar Evrópuþjóðir. Of margir erlendir ferðamenn fara á mis við íslenska myndlist. Listasafni Íslands hefur verið bent á þann möguleika að setja upp þemasýningar um landið og þá sérstaklega á þeim tíma sem flestir ferðamenn eru á landinu.
12. Tónlistarhefð er afar rík hjá íslensku þjóðinni. Margir íslenskir tónlistamenn hafa náð árangri á alþjóðlegum vettvangi. Örfair þeirra hafa náð heimsathygli á sínu sviði. Eðlilegt er að horfa til þessarar listsköpunar þegar haft er í huga hvað af nútímanenningu Íslendinga eigi að kynna á erlendum mörkuðum.
13. Íslensk baðmenning hefur nokkra sérstöðu og á rætur að rekja allt til sögualdar. Nokkrar náttúrulegar baðlaugar eru til í landinu og vekja ætíð athygli ferðamanna.
14. Íslenskar sjávarafurðir eru víða þekktar sem gæðavara sem framleidd er úr hráefni sem fangað er við óvenju umhverfisvænar aðstæður. Það er áhugavert fyrir erlenda ferðamenn að fá að kynnast framleiðsluöryggi og því gæðaeftirliti, sem hér hefur þróast í meðferð á sjávarafurðum. Hér er að mestu um ónumið land að ræða í ferðaþjónustunni og því vel athugandi að koma góðu sambandi á milli ferðaþjónustunnar, fiskverkunarsamtaka og framleiðenda.

## Gagnalisti.

1. Skýrsla samgönguráðuneytis um menningartengda ferðaþjónustu
2. Reykjavík. Höfuðborgarstofa
3. Þingvallanefnd
4. Reykholt og Snorrastofa
5. Dalasýsla. Sögukort
6. Snæfellsnes. Hellnar
7. Húnabping - vestra og eystra
8. Skagafjörður. Ferðamálafulltrúi
9. Hólar í Hjaltadal
10. Eyjafjörður. Atvinnu- og þróunarfélag Eyjafjarðar
11. Minjasafn Akureyrar
12. Safnahúsið Húsavík
13. Egilsstaðir. Markaðsstofa Austurlands
14. Seyðisfjörður. Ferða- og menningarfulltrúi
15. Uppsveitir Árnessýslu. Ferðamálafulltrúi
16. Vegagerðin
17. Ráðstefnuskrifstofa Íslands
18. Samtök listamanna
19. Menningarborgarsjóður - Kristnihátíðarsjóður
20. Menntamálaráðuneytið. Menning, samantekt
21. Fornleifastofnanir
22. Ýmsar upplýsingar, fundargerðir og fleira

## Drög.

# Reglur um þróunarsjóð ferðamála

### **Fjárheimildir**

#### **1.gr.**

Ráðstöfunarfé Þróunarsjóðs ferðamála er samkvæmt fjárlögum hvers árs og skal því varið til styrktar samkvæmt þessum reglum

#### **2.gr.**

Hlutverk sjóðsins er að styrkja verkefni í ferðaþjónustu. Sérstök áhersla skal lögð á að:

- styrkja verkefni og þróunarstarf í ferðaþjónustu sem tengjast menningu og sögu þjóðarinnar;
- styrkja verkefni sem tengjast helstu sögustöðum þjóðarinnar;
- styrkja nýsköpun og þróunarstarf í ferðaþjónustu;

### **Stjórn**

#### **3.gr.**

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönum og vera þannig skipuð: Tveir tilnefndir af samgönguráðherra og skal annar þeirra vera formaður, einn af menntamálaráðherra, einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn af Samtökum ferðaþjónustunnar

### **Auglýsingar og umsóknir**

#### **4.gr.**

Stjórn sjóðsins skal árlega auglýsa eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum. Skal auglýsingin birt a.m.k. í einu dagblaði sem telst hafa almenna dreifingu. Í auglýsingunni skulu koma fram greinargóðar upplýsingar um tilgang og markmið sjóðsins og helstu atriði sem litið er til við mat á umsóknum. Fram skal koma hvert eigi að senda umsóknir og hvenær þær skulu berast sjóðnum.

Styrkjum úr sjóðnum skal úthlutað á grundvelli umsókna, samanber 4.gr. í samþykktum um sjóðinn.

#### **5.gr.**

Umsóknir úr sjóðnum skulu ritaðar á eyðublöð er stjórn sjóðsins leggur til og eru aðgengileg meðan umsóknarfrestur varir. Í umsókn skal m.a. eftirtalið koma fram:

- almennar upplýsingar um umsækjanda, nafn verkstjóra og samstarfsaðila, ef einhverjir eru;
- nákvæm lýsing á verkefninu, markmiðum þess og þýðingu fyrir ferðaþjónustuna;
- tímaáætlun og hvor verkið verður unnið;
- upplýsingar um menntun og starfsferil umsækjanda þ.e. þess sem er í forsvari fyrir verkefninu;

- greinargóðar upplýsingar um áætlaðan kostnað við verkefnið og hvernig staðið verði að fjáreiðum og uppgjöri;
- gildi verkefnis fyrir ferðapjónustuna.

### **Mat á umsóknum**

**6.gr.**

Sjóðsstjórn metur styrkhæfi umsókna og gerir tillögur um afgreiðslu þeirra. Mat á umsóknum skal einkum byggjast á markmiðum og hlutverki sjóðsins samkvæmt 2.gr. þessara reglna svo og eftirtöldum sjónarmiðum:

- gildi og mikilvægi verkefnis með tilliti til markmiða Þróunarsjóðs ferðamála;
- likum á því að umsækjanda takist að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í umsókn;
- faglegum og/eða fræðilegum bakgrunni verkefnis;
- nýsköpun er tengist menningu og sögu þjóðarinnar;
- þýðingu verkefnis fyrir ferðapjónustuna.

Sjóðsstjórn er heimilt að leita eftir ráðgjöf eða umsögn sérfræðinga um einstakar umsóknir.

### **Styrktartímabil**

**7.gr.**

Styrkir úr Þróunarsjóði ferðamála skulu veittir til eins árs í senn. Þó mega umsóknir vera til lengri tíma og má sjóðsstjórnin gefa vilyrði um áframhaldandi styrkveitingar. Ný umsókn næsta árs, með fullgildum upplýsingum, verður þó að berast sjóðnum innan umsóknarfrests.

### **Afgreiðsla umsókna**

**8.gr.**

Sjóðsstjórn tilkynnir umsækjendum skriflega um afgreiðslu stjórnarinnar. Ferðamálaráð annast greiðslur styrkja samkvæmt skriflegri beiðni sjóðsstjórnar. Verði tafir á að ráðist verði í verkefni sem sjóðsstjórn hefur samþykkt, eða tefjist framkvæmdir úr hófi, getur sjóðsstjórn stöðvað greiðslur þar til fullnægjandi skýringar liggja fyrir. Telji sjóðsstjórnin skýringar ekki nægilegar getur hún afturkallað styrkveitinguna.

### **Vistun sjóðsins**

**9.gr.**

Sjóðurinn skal vistaður hjá Ferðamálaráði Íslands.

### **Gildistaka**

**10.gr.**

Reglur þessar taka gildi við ákvörðun samgönguráðherra.